

Fimmtudaginn 9. júní 1994.

Nr. 12/1991.

Sigurður Kr. Fjeldsted

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Landsbanka Íslands

(Sigurður Pétursson hrl.)

Skuldabréf. Lausafjárkaup. Eignarréttarfyrrvari. Varnir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1991. Krefst hann þess aðallega að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Til þrautavara er þess krafist, að stefnukröfur nái aðeins fram að ganga gegn afhendingu á „bát af gerðinni Huginn 3.4 t no 7 með 22 hp vél og dýptarmæli, og beri hin dæmda fjárhæð eigi vexti fyrr en við afhendingu bátsins“. Enn er þess til vara krafist, að áfrýjandi fái skuldajafnað við dæmda fjárhæð 300.000 krónum með hæstu dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 20. nóvember 1987. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 3. gr. hins umdeilda kaupsamnings og skuldabréfs frá 20. nóvember 1987 á eigandi hins selda tveggja kosta vöð, standi kaupandi ekki í skilum með kaupverðið. Annars vegar getur hann borið fyrir sig eignarréttarfyrrvara samkvæmt samningnum, en hins vegar höfðað mál til innheimtu skuldarinnar samkvæmt XVII. kafla þágildandi einkamálalaga nr. 85/1936. Í kaupsamningnum er þess sérstaklega getið, að það mál megi reka samkvæmt 3. tl. 207. gr. laganna. Eftir að stefndi hafði eignast skuldabréfið, átti hann þess kost að ganga að kaupanda með því að höfða mál samkvæmt framan-sögðu. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurður Kr. Fjeldsted, greiði stefnda, Landsbanka Íslands, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Skjal það, er stefndi rekur rétt sinn til, ber heitið Kaupsamningur – skuldabréf með eignarréttarfyrrvara, og hefur 3. grein þess heitið skuldabréf að fyrrisögn. Er það undirritað af Gelli hf. sem seljanda og áfrýjanda sem kaupanda að 3,4 tonna mótorbát með dísilvél og dýptarmæli. Efni sínu samkvæmt er skjalið samningur um afborgunarkaup eða staðfesting á slíkum kaupum, þar sem loforðinu um greiðslu kaupverðs eða eftirstöðva þess er ætlað gildi skuldabréfs með tryggingu í eignarrétti seljanda megin yfir hinu keypta, er haldist, þar til verðið sé að fullu greitt. Er kveðið á um greiðsluna og eignarréttarfyrrvarann í umræddri 3. grein. Í skjalinu eru ekki ákvæði um aðra skilmála kaupanna, svo sem um afhendingu og viðtöku söluhlutarins. Ber efni þess og frágangur með sér, að við það sé miðað, að um sé að ræða afhentan hlut. Af því verður að álykta, að framsalshafi að skuldbindingunni um greiðslu kaupverðs hafi ekki getað treyst því, að skuldbindingin væri skilorðslaus, meðan afhending hlutarins hefði ekki farið fram, nema annað væri staðfest með greinanlegum hætti. Engu slíku er til að dreifa um þessi kaup, að því er séð verður, og virðist stefndi hafa tekið við framsali á skuldbindingunni án athugunar um það, hvort söluhluturinn var kominn í hendur kaupanda eða ekki.

Í málinu heldur áfrýjandi því fram, að afhending á bátnum hafi aldrei átt sér stað. Hefur stefndi ekki leitt sönnur að hinu gagnstaða, heldur lítur hann svo á, að mótbáru þessa vegna varði hann ekki og komist ekki að í málinu. Á þetta verður ekki fallist, og hefði héraðsdómara verið rétt að beina málinu í þann farveg, að áfrýjandi kæmi vörnum við. Teldi ég rétt þessa vegna að ómerkja hinn áfrýj-

aða dóm og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar að nýju. Þar sem aðrir dómendur telja rétt, að dæmt verði um efni málsins, eins og það liggur fyrir, hlýt ég að taka þátt í þeirri úrlausn þess. Er það þá niðurstaða mín, að sýkna beri áfrýjanda að svo stöddu. Eins og málið er vaxið, er og rétt, að hvor aðili beri kostnað sinn af því í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. október 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. september sl., er höfðað með stefnu, birtri 15. nóvember 1989.

Stefnandi er Landsbanki Íslands, Austurstræti 11, Reykjavík.

Stefndi er Sigurður Kr. Fjeldsted, Ferjukoti, Borgarhreppi, Mýrasýslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 1.141.541,80 krónur með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, til vara, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, til þrautavara, að stefnukröfur nái aðeins fram að ganga gegn afhendingu á bát af gerðinni Huginn, 3,4 t. no. 7, með 22 ha. vél og dýptarmæli, og beri skuldabréfið ekki vexti fyrr en við afhendingu hans, en til þrautavara, að stefndi fái skuldajafnað við tildæmda fjárhæð 300.000 krónum með hæstu dráttarvöxtum frá 20. nóvember 1987 samkvæmt vaxtalögum nr. 24/1987. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda [...].

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefndi og Gellir s/f gerðu með sér samning um kaup á „1 st Huginn 3,4 t no. 7 með 22 hp dieselvél og ... (ólæsilegt) dýptarmæli“, eins og greinir á skjali sem nefnt er Kaupsamningur – skuldabréf með eignarréttarfyrirvara og lagt hefur verið fram á dskj. nr. 2. Kaupverð var 1.340.000 kr., en útborgun skyldi vera 300.000 krónur og eftirstöðvar því 1.040.000 krónur.

Stefndi undirritaði skjal þetta sem kaupandi og er undirskriftin dagsett 20. nóvember 1987.

Í skjalinu er kaflí, sem ber yfirskriftina Skuldabréf, og samkvæmt því „viðurkennir undirritaður að skulda eiganda skuldabréfs þessa framangreinda upphæð kr. 1.040.000“, og skuldbindur sig til að endurgreiða skulðina með 6 jöfnum mánaðargreiðslum, í fyrsta sinn 1. mars 1988 og síðan 1. hvers mánaðar. Vextir skulu vera hæstu lögleyfðir vextir á hverjum tíma þá, 35%, og skyldu greiðast mánaðarlega eftir á á sömu gjalddögum og afborganir.

Þá kemur í kafla þessum fram að samþykkt sé að seljandi sé eigandi

samningsmunanna, þar til samningsfjárhæðin sé að fullu greidd, og fleira varðandi eignarréttarfyrrvarann sem ekki þykir þurfa að taka upp hér.

Þá er fjallað um hversu með skuli fara ef kaupandi stendur ekki í skilum og á eigandi þá kost á því að beita eingarréttarfyrrvaranum, en enn fremur segir að honum sé heimilt að höfða þegar í stað mál til heimtu skuldarinnar og má reka það samkvæmt 3. tl. 207. gr. laga nr. 85/1936.

Þá segir: „Undir samning þennan rita aðilar nöfn sín til staðfestu og skuldari lýsir því yfir að hann skuldar þá fjárhæð sem tilgreind er hér að ofan.“

Stefnandi hefur höfðað mál þetta eftir reglum XVII. kafla laga nr. 85/1936. Hann kveðst hafa eignast bréfið 27. nóvember 1987 og hefur lagt fram ljósrit kaupnótu frá 26. nóvember, en þar kemur fram, að stefnandi keypti bréfið af Gelli s/f þann dag.

Stefndi hefur krafist frávísunar málsins en með úrskurði dómsins 31. maí sl. var synjað um hann.

Stefndi gerði þá varakröfu að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Augljóst sé af kaupsamningnum að seljandi hafi átt að afhenda hinn selda bát áður en stefndi átti að byrja að greiða eftirstöðvarnar. Sé skemmst frá því að segja að afhending hafi aldrei farið fram.

Þá er því borið við, að stefnandi sé ekki réttur aðili málsins. Samningur sá, sem málið er sprottið úr af og stefnandi byggir rétt sinn á, hafi ekki verið framseldur með lögformlegum hætti. Einnig sé samningurinn í raun ófram-seljanlegur, að minnsta kosti á meðan seljandi samkvæmt samningnum hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar, en við þær skuldbindingar geti stefnandi ekki staðið.

Verði ekki fallist á að sýkna beri stefnda, þá er því haldið fram til þrautavara, að með því að fá skjalið framselt til sín hafi stefnandi tekið að sér að efna kaupsamningshluta seljanda skv. dskj. nr. 2 og beri stefnanda því að afhenda stefnda þá muni sem í samningnum greinir. Er því jafnframt haldið fram að stefnandi geti ekki krafist greiðslu fyrr en við afhendingu söluhlutarins til stefnda og geti ekki krafist vaxta fyrr en þá.

Samkvæmt ákvæðum kaupsamningsins á dskj. nr. 2 varði vanskil af hálfu kaupanda því, að seljandi geti takið hið selda aftur, en kaupandi eigi þá rétt til endurgreiðslu á því fé, sem hann hefur greitt, að frádreginni greiðslu á „leigu, verðrýrnun, skaðabótum og innheimtukostnaði til seljanda vegna samningsrofanna“. Einnig hafi seljandi heimild til þess að höfða þegar í stað mál til heimtu skuldarinnar og „þarf eigi að leggja það fyrir sátta-nefnd“ (sic).

Kaupandi hafi aldrei fengið þann hlut afhentan sem hann samdi um kaup á. Samkvæmt ákvæðum samningsins eigi stefndi skýlausan rétt til þess að draga andvirði þess, sem hann hefur greitt, frá skuldinni, eins og áður er rakið.

Forsendur og niðurstaða.

Úrskurður dómsins frá 31. maí sl. er á því reistur, að í 3. gr. dskj. nr. 2, sem ber yfirskriftina Skuldabréf, felst skriflegt, skilorðslaust og einhliða lof-orð stefnda um peningagreiðslu til eiganda bréfsins, og enn fremur hefur bréfið að geyma ákvæði um að með mál til heimtu skuldarinnar skuli fara skv. 3. mgr. 207. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

Þá ber að líta til þess, að í þeim hluta dskj. nr. 2, sem fjallar um kaup á bátnum, segir einungis hverjir eru aðilar að kaupnum og hvað er selt, við hvaða verði, hver útborgun er og hverjar eftirstöðvar kaupverðs en að öðru leyti kemur ekkert fram um réttindi og skyldur aðila.

Pegar efni skjalsins er virt í heild sinni verður fallist á það með stefnanda að hér sé um að ræða skuldabréf í skilningi 3. mgr. 207. gr. eml.

Mál þetta er því réttilega rekið samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga um meðferð einkamála í héraði.

Samkvæmt því kemst sú vörn stefnda, að afhending hins selda hafi enn ekki farið fram, ekki að í málinu.

Stefnandi hefur lagt fram frumrit skjalsins með löglegri heimild, auk þess sem hann hefur lagt fram ljósrit kaupnótu, þar sem fram kemur, að hann keypti kröfuna á hendur stefnda 26. nóvember 1987.

Hefur hann þannig sýnt nægjanlega fram á að hann sé réttur aðili málsins og verður því sú krafa stefnda, að stefnandi sé ekki réttur aðili málsins, því ekki tekin til greina.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á að stefnandi hafi tekist á hendur skuldbindingar gagnvart honum um afhendingu hins selda eða endurgreiðslu útborgunar og verður því ekki fallist á þrautavarakröfu og þrautavaravarakröfu stefnda í máli þessu.

Samkvæmt framansögðu er niðurstaða málsins sú að taka ber kröfu stefnanda til greina að öllu leyti og eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 250.000 krónur í málskostnað.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sigurður Kr. Fjeldsted, greiði stefnanda, Landsbanka Íslands, 1.141.541,80 krónur með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. mars 1988 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 250.000 krónur í málskostnað og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.